

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**15. mars 2016**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um verkbókhald**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að tekin verði upp sú meginregla að nýta verkbókhald til að fylgjast með kostnaðarþróun verkefna. Sum staðar í borgarkerfinu er þetta gert nú þegar en mikilvægt er að innleiða þetta á fleiri stöðum og gera að almennri reglu þó að alltaf geti verið undantekningar. Þegar mikið liggur við, eins og í því hagræðingarferli sem borgin glímir nú við er gríðarlega mikilvægt að gera þessar upplýsingar aðgengilegri. Starfsfólk, stjórnendur og kjörnir fulltrúar þurfa að hafa góða yfirsýn. Þannig má gera betri áætlanir, taka betri ákvarðanir og álag á starfsfólk kemur í ljós. Borgarráði verði falin framkvæmd tillögunnar.